

**Nd.**

## **102. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 28. 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Auk frv. þessa á þingskj. 39, hefir nefndin einnig haft til meðferðar annað frv., á þingskj. 26, sem einnig fer fram á breytingar á kosningalögnum, en nefndin getur ekki aðhýlst aðalefni þess frv., en hefir haft það til hliðsjónar við samning tillagna sinna. Er því ekki að vænta sjerstaks álits frá nefndinni um frv. á þingskj. 26.

Það eru aðallega þrjár efnisbreytingar, sem frv. á þingskj. 39 fer fram á.

Nefndin er einróma sammála fyrstu efnisbreytingunni, að veita heimild til þess að skifta hreppi í tvær kjördeildir. Víða á landinu eru staðhættir þannig, að það er miklum erfiðleikum bundið að komast á kjörstaðinn, vegalengdin mikil og oft yfir slæmar torfærur að fara. Og ef hittist á vond veður á kjördegi, getur afleiðingin orðið sú, að fjöldi kjósenda sje útilokaður frá því að geta neytt kosningarrjettar sins. Nefndin telur sjálfsgagt, að það sje lagt í vald sýslunefnda, hvort skifta skuli hreppi í kjördeildir, og lúta breytingartill. hennar að því.

Önnur efnisbreytingin, sem frv. þetta fer fram á, er fólgin í því, að flytja kjördaginn til laugardags í 10. viku sumars; en hann er nú hinn fyrsti vetrardagur.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála þessari efnisbreytingu. Hinn fyrsta vetrardag er allra veðra von og til sveita oft miklum erfiðleikum bundið að sækja kjörfund þennan dag. Að finna heppilegan dag að sumrinu væri því æskilegt. En þá ber einnig að líta á hitt, að mestar eru annirnar á sumrin, og þess vegna ilt að finna hagkvæman dag. Laugardagur í 10. viku sumars virðist ekki vera heppilega valinn. Getur hann fallið á tímabilið frá 23. til 29. júní, en þá stendur yfir aðalvorkaúptið til sveita. Hefir meiri hluti nefndarinnar þess vegna valið laugardaginn í 11. viku sumars, sem fellur á tímabilið frá 30. júní til 6. júlí, sem mun oftast verða í lok vorkaúptiðar. Einnig gat komið til mála að taka laugardaginn í 12. viku sumars, en það þykir heldur seint vegna sláttar.

Tveir nefndarmenn, Jón Baldvinsson og Magnús Jónsson, eru mótfallnir þessari efnisbreytingu og vilja halda þeim kjördegi; sem nú er, og gera þeir grein fyrir afstöðu sinni í umræðum málsins.

Þriðja efnisbreytingin, sem frv. þetta fer fram á, er fólgin í því að breyta kjörgögnunum, þannig, að hætt verði að nota stimplana, en í þess stað verði notaður blýantur, eins og við landskjörið.

Nefndin er einróma sammála um það, að óheppilegt sje að vera oft að breyta um kjörgögnin. Getur það orsakað truflun og rugl hjá kjósendum, en þeir eru nú farnir að venjast að nota stimpilinn. Hinsvegar er áriðandi, að kjörstjórnir

sjái um, að þessi kjörgögn verði ætíð í góðu standi og nægilegt til af þeim á kjörfundinum. Leggur nefndin þess vegna til, að þessi efnisbreyting verði feld.

Þá hefir meiri hluti nefndarinnar lagt til, að samþykktar verði nokkrar fleiri breytingar á kosningalögunum. Sumar leiða að visu beinlínis af þeim efnisbreytingum, sem frv. fer fram á.

Þannig leggur meiri hluti nefndarinnar til, að kjörskrárnar gildi frá 20. júní til 19. júní næsta ár á eftir. Nú gilda kjörskrárnar frá 1. júlí til 30. júní næst á eftir, en þar sem meiri hluti nefndarinnar leggur til, að kjördagurinn verði laugardagurinn í 11. viku sumars, sem lendir á tímabilið 30. júní til 6. júlí, þykir heppilegt að breyta til um gildi kjörskrána, því ella yrði ýmist kosið eftir gömlum kjörskráum eða nýjum, eftir því hvort kjördagurinn yrði í júní eða júlí. Með þessari breytingu vinst það einnig, að kjörskrár verða ætíð nýjar á kjördegi, og er það einkar heppilegt. Og þótt þessi breyting verði gerð, er ekki þörf að breyta neitt til um samning kjörskrána, framlagning þeirra og fresti; getur það alt staðist, þótt skrárnar öðlist gildi 20. júní.

Þá er breyting og viðauki, sem meiri hluti nefndarinnar vill gera á 36. gr. kosningalaganna.

Breytingin er fölgín í því að koma á samræmi milli kosningalaganna og laga nr. 11, 18. maí 1920, um alþingiskosningar í Reykjavík, um hvaða einkenni eða merki á atkvæðaseðli geti gert bann ógildan. Þykir ákvæði kosningalaganna óþarflega strangt. Tveir nefndarmenn, Jörundur Brynjólfsson og Jón Baldvinsson, eru ósamþykkir þessari breytingu.

Þá leggur meiri hluti nefndarinnar til, að því sje slegið föstu, að atkvæðaseðill verði eigi ógildur í tvímenningskjördæmi, þótt einungis einn sje kosinn. Má vera, að það sje heimilt samkvæmt kosningalögunum, en það mun föst venja hjá kjörstjórnnum að ógilda slíka seðla, og þykir þess vegna rjett að taka af allan vafa. Verður kjósandi þá eigi neyddur til að láta mann fá atkvæði, sem hann vill eigi kjósa. Einn nefndarmanna, Jörundur Brynjólfsson, er ósamþykkur þessari tillögu meiri hlutans.

Þá leggur nefndin til, að lágmark þess tíma, er kosning skuli standa yfir, verði lengt úr 3 klukkustundum upp í 5 klukkustundir.

Aðrar breytingar nefndarinnar geta eigi ástæðu til frekari skýringa. Þeir nefndarmenn, sem hafa verið ósamþykkir einstökum tillögum, hafa að sjálfsögðu óbundnar hendur við atkvæðagreiðsluna.

Samkvæmt framanskraðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarp þetta verði samþykkt með eftirfarandi

## BREYTINGUM.

### I. Við 1. gr.

Greinina skal orða svo:

Á eftir fyrri málsgr. 7. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sýslunefnd er heimilt, þegar ástæður eru fyrir hendi, svo sem

mikill kjósendafjöldi, viðátta, torfærur á leið til kjörstaðar og þvílíkt, að skifta hreppi í tvær kjördeildir. Skal þá hreppsnefnd ákveða kjörstaði og undirkjörstjórn skipuð fyrir hvora kjördeild. Er hreppstjóri oddviti annarar, en hreppsnefndaroddviti hinnar, eftir ákvörðun hreppsnefndar, og auk þeirra eiga þar sæti tveir menn af öðrum kjósendum í hvorri kjördeild, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs þá hreppsnefnd einnig kjörstjórnaroddvita í aðra kjördeildina.

II. Við 2. gr.

Greinina skal orða svo:

- a) Í stað orðanna »bæjarstjórn skift kaupstað« í öðrum málslíð 9. gr. laganna komi: kaupstað eða hreppi verið skift.
- b) Í stað orðanna »1. júlí það ár til 30. júní« í sömu grein komi: 20. júní það ár til 19. júní.

III. Á eftir 2. gr. komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a) Í stað orðanna »1. júlí« í 10. gr. komi: 20. júní.
- b) Í stað orðanna »(1. júlí)« í fyrri málslíð 11. gr. komi: (20. júní). Í stað orðanna »1. júlí« í síðari málslíð 11. gr. komi: 20. júní.
- c) Í stað orðanna »1. júlí« í síðari málsg. 14. gr. komi: 20. júní.

IV. Við 3. gr.

Greinin falli burt.

V. Við 4. gr.

Greinina skal orða svo:

Í stað orðanna »hinn fyrsti vetrardagur« í 23. gr. komi: laugardagurinn í 11. viku sumars.

VI. Við 5. gr.

Greinin falli burt.

VII. Á eftir 5. gr. komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a) Í stað orðanna »er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum« í 36. gr. komi: er ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan.

Aftan við sömu gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gildur er seðill í tvímenningskjördæmi, þótt að eins einn sje kosinn.

- b) Í stað orðanna »3 klukkustundir« í fyrri málsgrein 38. gr. komi: 5 klukkustundir.

VIII. Við 6. gr.

Greinin falli burt.

Greinatalan fer eftir atkvæðagreiðslunni.

Alþingi, 11. mars 1924.

Jón Þorláksson,  
formaður.

Jörundur Brynjólfsson,  
með fyrirvara.

Jón Baldvinsson,  
fundaskrifari,  
með fyrirvara.

Magnús Jónsson,  
með fyrirvara.

Jón Kjartansson,  
framsögum.